

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 92/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 10/2008 frá 8. janúar 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um almannatryggingar (ESSPROS) að því er varðar skilgreiningar, ítarlegar flokkanir og uppfærslu reglna um miðlun fyrir grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um almannatryggingar og líkanið fyrir lífeyrisþega ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ua (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1322/2007) í XXI. viðauka við samninginn:

„18a. **32008 R 0010**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 10/2008 frá 8. janúar 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um almannatryggingar (ESSPROS) að því er varðar skilgreiningar, ítarlegar flokkanir og uppfærslu reglna um miðlun fyrir grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um almannatryggingar og líkanið fyrir lífeyrisþega (Stjtfð. ESB L 5, 9.1.2008, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 10/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtfð. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 39, og EES-viðbæti við Stjtfð. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtfð. ESB L 5, 9.1.2008, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.